



112 nýir spennandi PANTONE litir!

Kæri PANTONE notandi

Mars 2016

PANTONE hefur bætt við 112 nýjum litum við PANTONE PLUS litakerfið þannig að nú inniheldur kerfið samtals 1.867 liti! Þessir litir koma til viðbótar við þá 84 nýju liti sem bættust við í fyrra.

Nýju litirnir koma í sér litabók og eru fáanlegir einir og sér í takmörkuðu upplagi til og með 15. apríl nk. fyrir FORMULA GUIDE, SOLID CHIPS (sér litir í möppum) og PANTONE COLOR BRIDGE (U/C) fyrir þá viðskiptavinum sem þegar eiga litabækur með 1.755 litum sem komu út í fyrra - sjá "Supplement" hér að neðan.

VINSAMLEGA LEGGIÐ INN PANTANIR Á STÖKUM LITABÓKUM/SETTUM FYRIR 15. APRÍL NK.

PANTONE Color Manager hugbúnaður að verðmæti u.þ.b. kr. 6.500 + vsk fylgir **frítt** með öllum nýjum Pantone litabókum/sparpökkum/mælum. Hugbúnaðurinn gerir notanda kleift að uppfæra viðkomandi Pantone lita- pallettur í helstu myndvinnsluforritum s.s. Indesign og Illustrator.

Við hvetjum prentara, grafíska hönnuði og aðra fagmenn til að endurnýja PANTONE litabækur sem notaðar eru í vinnslu áður en ábyrgð rennur út eða **árlega** til að tryggja sé að litirnir séu prentaðir í réttum styrk og séu réttir. PANTONE litirnir, sem litabækurnar eru prentaðar með, dofna og breytast með tímanum og árleg endurnýjun tryggir að ávallt sé verið að vinna með rétta liti, hvort sem verið er að kynna liti fyrir viðskiptavinum eða ef verið er að prenta litina. *PANTONE litur er einungis réttur ef hann er rétt blandaður og prentaður í réttum styrk og það er ábyrgð prentsmiðju að skila umbeðnum PANTONE lit réttum til viðskiptavinar. Á sama hátt er það á ábyrgð auglýsingastofu að kynna rétta PANTONE liti fyrir viðskiptavinum sínum og tryggja síðan að viðkomandi litur haldist réttur, ár eftir ár, burtséð frá hvaða prentsmiðja prentar verkefni viðkomandi viðskiptavinar.*

Einnig er vert að nefna að á öftustu síðunni í nýrri litabókum PANTONE er D50 ljóskvarði (lighting indicator) sem sýnir hvort skoðunarbirta er rétt (D50) eða röng þegar liturinn er metinn. D50 skoðunarbirta ætti t.d. að vera í ljósum yfir skoðunarbörðum prentvéla. Ef skoðunarbirtan er rétt þá sést aðeins einn litur en ef birtan er röng, þá sjást tveir litir. Vinsamlega hafið samband við undirritaðan ef svo er ekki og við kippum því í líðinn með viðeigandi perum.

Við kynnum nú nýtt til sögunnar **PANTONE skoðunarkassa** - með 3 eða 5 ljósgjöfum, þar á meðal D50.

Við bjóðum einnig **PANTONE CapSure** litmælinn og **ColorMunki Design** mælitæki og hugbúnað til litstillingar á skjá og prentara á verulega lækkuðu verði sem gildir til 15. apríl nk.

I&I Heildsala er einnig umboðsaðili fyrir PANTONE vogir með PANTONE PLUS, Metallics, Premium Metallics, Pastels & Neons litakerfunum innbyggðum og eru uppfærslur með nýju Pantone litunum fáanlegar fyrir PANTONE vogir með LED skjá. Sjá www.spot-nordic.com/vogir.

Við bjóðum nú 15% uppþöku afslátt á eldri PANTONE vogum til og með 28. apríl nk. Í því tilfelli þarf að skila inn gömlu PANTONE voginni.

Eftirfarandi verð miðast við pantanir af lager.

Ýtarlegar upplýsingar og verð á ofangreindum vörum eru á eftirfarandi síðum.

Nánari upplýsingar um I&I Heildsölu er að finna á vefsíðunni www.spot-nordic.com/islenska.

Vinsamlega hafið samband við undirritaðan í síma 896 9790 ef spurningar vakna og/eða sendið pantanir á iogiheildsala@gmail.com.

Ingi Karlsson Frankvæmdastjóri

I&I Heildsala
Vesturberg 100
111 Reykjavík
Sími: 896 9790

<https://facebook.com/iogiheildsala>
<http://www.spot-nordic.com/islenska>

PANTONE PLUS SERIES

PANTONE Formula Guide (standard kubbornir) fyrir húðaðan og óhúðaðan pappír



Kerfið inniheldur alla gömlu góðu Pantone litina en að auki hefur verið bætt við samtals 756 nýjum litum síðan 2010 sem eiga það sameiginlegt að vera "normaliseraðir" fyrir hæfilega litagjöf í offsetprentun, - þar af 84 nýir litir í fyrra og 112 í ár!

GP1601N: 1.867 litir kr. 29.900 án vsk

GP1601 Supplement 112 litir kr. 7.900 án vsk

Color Bridge fyrir húðaðan og óhúðaðan pappír



Color Bridge sýnir Pantone litina og 4 lita útfærslu þeirra hlið við hlið prentaða skv. ISO 12647-2. Þetta sett hentar hönnuðum sem þurfa að vinna jöfnum höndum með PANTONE sérliti og 4 lit eða fyrir vef (HTML og RGB gildi gefin upp). Tilteknir PANTONE sérlitir prentast viðunandi þegar þeim er breytt í 4 lit fyrir prentun en aðrir PANTONE sérlitir breytast það mikið við þessa yfirfærslu að það telst óviðunandi. Það er því ómetanlegt fyrir grafíska hönnuði að sjá frá fyrstu stundu hvernig hver PANTONE litur mun prentast í 4 lit, til að fyrirbyggja vonbrigði síðar meir.


GP6102N: 1.867 litir kr. 49.900 án vsk (sett: glanshúðaður og óhúðaður kubbur)

GG6103N: 1.867 litir kr. 29.900 án vsk (glanshúðaður kubbur)

GG6104N: 1.867 litir kr. 29.900 án vsk (óhúðaður kubbur)

GP6102 Supplement: 112 litir Verð kr. 9.900 án vsk (glanshúðaður og óhúðaður kubbur)

PANTONE CMYK fyrir húðaðan og óhúðaðan pappír



Henta við hönnun verkefna í 4 lit. 2.868 rasta afbrigði prentuð í 4 lit á húðaðan og óhúðaðan pappír skv. ISO 12647-2.

Tilvalið fyrir fyrirtæki sem bjóða upp á stafræna CMYK prentun, þar eð CMYK tæki eiga að geta prentað alla liti í þessu kerfi vandræðalaust, svo lengi sem tækið er stillt á prentun skv. ISO 12647.

Flestar betri prentsmiðjur á Íslandi stilla jafnframt „proofera“ og prentvélar sínar til að prenta skv. þessum staðli.

Hér er ekki um að ræða Pantone litanúmer, heldur er hverri litasamsetningu (t.d. 100c30m30y0k) gefið númer sem á eingöngu við um þessa litakubba og prentast þetta sérnúmer ekki út með litaborða.

CMYK pallettan (U+C) er innifalin í Color Manager fyrir helstu myndvinnsluforrit en Color Manager fylgir með settinu.

GP5101: verð kr. 26.900 án vsk (húðaður og óhúðaður kubbur)

PANTONE Essentials taska



Inniheldur alla ofangreinda kubba:

GPG301N: verð kr. 79.900 án vsk

PANTONE Metallic Set



Samtals 600 Metallic litir í setti:
**PANTONE METALLIC GUIDE og
PANTONE PREMIUM METALLICS**

**GP1507: Verð kr. 25.900 án vsk (2 x
glanshúðaðir kubbar)**

PANTONE Pastels & Neons fyrir húðaðan og óhúðaðan pappír



154 Pastel litir og 42 nýir Neon (Fluorcent) litir til viðbótar við þá 14 sem fyrir voru.

GG1504: Verð kr. 19.900 án vsk

PANTONE Portable Guide Studio



Inniheldur alla ofangreinda kubba – þ.e. *alla* Pantone kubbana:

GPG304N: verð kr. 99.900 án vsk

PANTONE Solid Guide Set



Fyrir fagfólk sem hefur ekki þörf fyrir CMYK eða Colorbridge kubbana, t.d. prentara heldur eingöngu PANTONE liti til blöndunar.

Inniheldur Formula Guides (U+C), Metallic Guide Set og Pastels & Neons (U+C) kubbinn:

GP1605N: Verð kr. 62.900 án vsk

PANTONE Reference Library Complete



Inniheldur alla ofangreinda kubba og sýnishornamöppur fyrir solid litina með afrifum sem hægt er að rífa af og senda til viðskiptavina eða prentsmiðju:

- [FORMULA GUIDE Solid Coated](#)
- [FORMULA GUIDE Solid Uncoated](#)
- [FORMULA GUIDE SUPPLEMENT Solid Coated and Uncoated](#)
- [COLOR BRIDGE® Coated](#)
- [COLOR BRIDGE® Uncoated](#)
- [CMYK Coated](#)
- [CMYK Uncoated](#)
- [PREMIUM METALLICS Coated](#)
- [PASTELS & NEONS Coated & Uncoated](#)
- [METALLIC FORMULA GUIDE Coated](#)

Sýnishornamöppur:

- [SOLID CHIPS Coated](#)
- [SOLID CHIPS Uncoated](#)
- [PASTELS & NEONS CHIPS Coated & Uncoated](#)
- [PREMIUM METALLICS CHIPS Coated](#)

Standur fylgir.

GPC305N: Verð kr. 219.900 án vsk

PANTONE CAPSURE



PANTONE litamælir með hugbúnaði og USB tengisnúru.

Þægilegur, notendavænn og nettur handmælir til að mæla lit af nánast hvaða yfirborði sem er.

Inniheldur flestar PANTONE litabækurnar bæði fyrir prentiðnað, fataiðnað og arkitektúr ásamt viðeigandi hugbúnaði til að flytja litina sem þú mælir inn í forritin sem þú notar.

Þú velur einfaldlega þá PANTONE litabók/litabækur sem þú vilt styðjast við, mælir litinn og CapSure mælirinn gefur þér upp þann PANTONE lit sem er næstur litnum.

RM200-PT01: kr. 115.900 án vsk

TILBOÐ: kr 99.000 án vsk

Hafið samband í síma 896 9790 ef þið óskið eftir að fá að prófa tækið.

PANTONE / X-Rite ColorMunki Design



Snilldarlausn framleidd af öflugasta framleiðanda tækja til litamælinga í heiminum, **X-Rite**.

Þessi pakki gerir notanda kleift að búa til prófil fyrir skjáinn, prentarann og skjávarpann, - allt með einu og sama tækinu og hugbúnaðinum!

Þú getur líka mælt hvaða lit sem er, hvar sem er, vistað litinn og unnið með hann í grafísku forritunum þínum. Þú getur meira að segja látið hugbúnaðinn pikka sjálfkrafa út aðalliti tiltekinna ljósmynda - sjá myndina hér að ofan.

Notendavæn og fjölhæf lausn sem hentar jafnt byrjendum í litastjórnun sem og fagfólki sem vill fá mikið fyrir lítið.

Nánari upplýsingar um Colormunki er að finna á vefsíðunni <http://www.xrite.com/colormunki-design>.

MEU115: Verð kr. 89.900 án vsk

TILBOÐ: kr. 76.900 án vsk

PANTONE skoðunarkassar



Skoðunarkassi með 3 ljósgjöfum: D50 (viðeigandi skoðunarbirta fyrir prentvinnslu - dagljós), Tungsten "A" (lampalýsing) og TL84 eða CWF "köld flúorljósabirta" - sbr. skrifstofu/verslunar/sýningalýsing.

Innanmál: Hæð 35 cm, breidd: 68,5 cm, dýpt: 39,5 cm.

P3D50CWF: Kr. 229.900 án vsk




Skoðunarkassi með 5 ljósgjöfum: D50 (viðeigandi skoðunarbirta fyrir prentvinnslu - dagljós), Tungsten "A" (lampalýsing), UV, TL84 og CWF "köld flúorljósabirta" - sbr. skrifstofu/verslunar/sýningalýsing.

Innanmál: Hæð 35 cm, breidd: 68,5 cm, dýpt: 39,5 cm.

P5D50840 : Kr. 299.900 án vsk

PANTONE SkinTone



PANTONE SkinTone™ Guide

An exciting new collection of 110 skin tone shades for inspiration and use in any application where skin tone needs to be matched to a color standard.

The PANTONE SkinTone Guide was created by scientifically measuring thousands of actual skin tones across the full spectrum of human skin types. Specially formulated to be the closest physical representations of skin colors, the library is a comprehensive visual reference of human skin tones for use in any market where skin colors are relevant. It's the only internationally available color standard to accurately match skin tones.

The PANTONE SkinTone Guide Numbering System


Each PANTONE SkinTone number is comprised of a four-digit alphanumeric number. The first two positions reflect the hue or undertone of the skin. The second two positions represent the tone or lightness and darkness of the skin.

Features

- 110 colors numbered from 1Y01 SP to 4R15 SP.
- Each color is identified by a unique PANTONE Number that represents both the tone and the undertone of the color.
- Large-size swatch with central aperture for easy color evaluation and matching.
- Reverse of swatch has mock perforation to allow color to be shared.
- Digital values available in PANTONE COLOR MANAGER Software.
- Includes color index.
- Colors were developed to present the best color match when evaluated under D65 (Daylight 6500K) lighting.
- Compatible with today's digital workflows – colors easily updated in leading design applications.

STG201, 110 húðtónar: verð kr. 15.900 án vsk

PANTONE Lighting Indicator Stickers (40 stk)



Sniðug lausn þar sem litur skiptir máli.

Rifgataðar arkir með 40 tvískiptum miðum (5 x 8 – sjá mynd) sem hægt er að rífa af og hefta við prófarkir þar sem litir skipta máli (hvort sem um er að ræða 4 lita verkefni eða Pantone lita verkefni).

Ef liturinn á miðanum er samfelldur, þá er rétt birtustig og hægt að taka ákvörðun um hvort litir eru réttir eður ei. Ef tveir litir sjást á miðanum þá er birtan röng og ekki hægt að taka ákvörðun um hvort litir á próförk eru réttir.

Þetta er ómetanlegt hjálpartæki fyrir hönnuði sem reiða sig á litaskoðun á tölvuskjá. Sé tölvuskjárinn rétt stilltur m.v. D50, þá ætti prentun eða próförk að líta mjög svipað út ef birtustigið í herberginu er jafnframt D50.

Það er góð regla og ber vott um fagmennsku að hefta 1 stk svona miða við próförk áður en hún er send út. Sjáist 2 litir á miðanum á skoðunarborði prentvélar – eða hvar sem viðskiptavinur tekur út og samþykkir próförk, þá þarf að skipta út perum til að tryggja sem besta útkomu.

Hægt er að fá bæði miða fyrir D-65 og D-50 birtustig en D50 er almennt notað í grafíska iðnaðinum héraendis og víðast hvar í Evrópu og það birtustig sem almennt er notað í skoðunarborð á prentvélum þegar prentun fer fram. Margir þekkja þessa miða sem metamerism miða. Birtustigið D50 er mjög nálægt því það sama og er úti á skýjuðum degi á Íslandi.

I&I getur útvegað hágæða fluorcent perur með birtustiginu D50 eða D65 frá þýska framleiðandanum Just Normlicht ef tryggja þarf rétt birtustig – í skoðunarherbergi eða fyrir skoðunarborð prentvéla.

PANTONE Lighting Indicator Stickers er þróað í samstarfi við Munsell.

LNDS-1PK-D50: verð kr. 9.900 + vsk

LNDS-1PK-D65: verð kr. 9.900 + vsk